

Fundargerð 84. fundar

stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2025, miðvikudaginn 27. ágúst kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

- 1. Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum - ársfundur 2025 - 2503002SK**
Samkvæmt 5. gr. samþykktar SSKS skal boða til ársfundar með minnst viku fyrirvara.
Samþykkt var að halda ársfund samtakanna miðvikudaginn 1. október kl. 11:30 á hóteli Nordica en fjármálaráðstefna fer fram á þeim stað 2. - 3. október nk.
- 2. Tillögur að breytingum á samþykktum SSKS - 2501004SK**
Stjórn fór yfir samþykktir SSKS og samanburð við samþykktir annarra sambærilegra samtaka.
Stjórnarmenn voru hvattir til að senda ábendingar um breytingar á samþykktum til formanns og starfsmanns samtakanna. Nánar verður farið yfir tillögur að breytingum á samþykktum á næsta fundi stjórnar
- 3. Stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum 2024-2025 - 2410001SK**
Farið var yfir starfsemi samtakanna á komandi vetri, fund með umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og framhald af vinnustofu með Samtökum orkusveitarfélaga.

Fundi var slitið kl. 08:45